

STARFSSKÝRSLA 2019

SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR

TIL UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐHERRA



Súla á Breiðafirði (mynd: Róbert Arnar Stefánsson)

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Starfsemi á árinu 2019	6
Áherslumál	7
Framtíð Breiðafjarðar.....	7
Náttúru- og menningarminjar	8
Örnefnaskráning.....	8
Fornminjakort fyrir Flatey	8
Rannsóknir á lífríki fjarðarins	8
Gerð fræðsluefnis um fjörur verndarsvæðis Breiðafjarðar	8
Landvarsla við Breiðafjörð	9

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar.

Allt frá því að lög um Breiðafjörð voru samþykkt á Alþingi hafa orðið nokkrar breytingar á lögunum samhliða breytingum á öðrum lögum sem þau tengjast en lögin eru jafnóðum uppfærð á heimasíðu Alþingis.¹

Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfis- og auðlindaráðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd. Breiðafjarðarnefnd skal árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín. Um skipan Breiðafjarðarnefndar er fjallað í 4 gr. laganna en þar segir m.a.: „Í nefndinni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: [Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð], Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af Minjastofnun Íslands. [Ráðherra] skipar einn mann í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.“

Sitjandi nefnd var skipuð af ráðherra þann 9. júní 2017. Eftirtaldir sátu sem fulltrúar í Breiðafjarðarnefnd árið 2019:

- Erla Friðriksdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir.
- Eiríkur Snæbjörnsson og svo Karl Kristjánsson, tilnefndir af Reykhólahreppi, til vara Rebekka Eiríksdóttir.
- Arnheiður Jónsdóttir tilnefnd af Vesturbyggð, til vara Úlfar B. Thoroddsen.
- Eyjólfur Ingvi Bjarnason, tilnefndur af Dalabyggð, til vara Bjarnheiður Jóhannsdóttir.
- Ragnhildur Sigurðardóttir, tilnefnd sameiginlega af Stykkishólmsbæ, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ, til vara Sturla Böðvarsson.
- Magnús A. Sigurðsson, tilnefndur af Minjastofnun Íslands, til vara Agnes Stefánsdóttir.
- Róbert A. Stefánsson, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands, til vara Hulda Birna Albertsdóttir.

Eiríkur Snæbjörnsson, sat sem aðalmaður í nefndinni fyrir hönd Reykhólahrepps, þar til hann lést þann 9. mars 2019. Í nóvember 2019 skipaði ráðherra Karl Kristjánsson sem aðalmann í hans stað, í samræmi við tilnefningu Reykhólahrepps. Varamaður Eiríks, Rebekka Eiríksdóttir, sat fundi í

¹ <http://www.althingi.is/lagas/146a/1995954.html>

millitíðinni. Breiðafjarðarnefnd minnst Eiríks með hlýhug og þakkar honum áralangt farsælt starf með Breiðafjarðarnefnd.

Theódóra Matthíasdóttir, starfsmaður Náttúrustofu Vesturlands, gegndi starfi ritara Breiðafjarðarnefndar árið 2019 í 25% starfshlutfalli framan af. Frá 1. október 2019 var samið við Náttúrustofu Vesturlands um 80% starfshlutfall Theódóru til áramóta svo unnt væri að sinna þeim málum nefndarinnar sem brýnt þótti að ljúka, með sérstaka áherslu á verkefnið „*framtíð Breiðafjarðar*“.

Fundur Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt sjö nefndarfundi á árinu 2019. Þar fyrir utan sótti nefndin fund með sérfræðingum til þess að kynna sér hvaða leiðir gætu komið til greina til þess að styrkja framtíð Breiðafjarðar. Fór fundurinn fram í húsakynnum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í Reykjavík þann 28. janúar.


Nefndin stóð auk þess fyrir fræðslu- og umræðuþingi undir nafninu *Framtíð Breiðafjarðar* í Tjarnarlundi í Dalabyggð þann 23. október 2019.

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum á heimasíðu nefndarinnar.²

² <http://www.breidafjordur.is/breidafjardarnefnd/fundargerdir/>

Kostnaður við störf nefndarinnar

Fjárveitingar til Breiðafjarðarnefndar skv. fjárlögum fyrir árið 2019 námu 9,8 milljónum króna og höfðu þar með minnkað að verðgildi um 48% frá því árið 2003 (sbr. grafið hér að neðan).



Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir ráðstöfun fjárveitinga nefndarinnar árið 2019. Nefndin átti útistandandi 2,7 milljónir frá fyrra ári sem hún hafði þó þegar ráðstafað í ákveðin verkefni í sem greiða skyldi í upphafi árs 2019. Rúmlega þriðjungur fjárveitinga ársins 2019 var varið í þjónustusamning við Náttúrustofu Vesturlands auk hefðbundinna fundahalda, þriðjungur var varið í aukið starfshlutfall starfsmanns nefndarinnar. Einnig voru afhentir styrkir til náttúrurannsókna og til féll kostnaður vegna bæklingagerðar.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2019

Rekstrartekjur

	2019
Ríkissjóður samkvæmt fjárlögum.....	9.800.000
Ríkissjóður samkvæmt fjárlögum (ráðstafað frá 2018).....	2.700.610
SAMTALS.....	12.500.610

Rekstrargjöld

Rekstur nefndar

Nefndalaun	685.014
Launatengd gjöld	106.465
Náttúrustofa skv. þjónustusamningi	3.293.789
Sími, internet og lén.....	40.462
Vextir, bætur, skattar.....	16.209
Tölvuþjónusta.....	67.210
Annar kostnaður.....	0
SAMTALS.....	4.209.149

Fundagjöld

Akstur	609.757
Dvalarkostnaður	37.520
Dagpeningar.....	0
Fargjöld.....	4.906
Veitingar.....	43.330
Vettvangsferð.....	587.844
Annar kostnaður	0
SAMTALS.....	1.283.357

Kostnaður við rannsóknir og verkefni:

Styrkir til rannsóknaverkefna.....	1.000.000
Bæklingagerð.....	14.223
Prentun bæklinga.....	0
Náttúrustofa vegna aukins starfshlutfalls.....	3.488.760
Framtíð Breiðafjarðar.....	285.772
Annar kostnaður.....	0
SAMTALS.....	4.788.755

Samþykkt verkefni sem greiðast árið 2020..... **2.126.656**

Rekstrargjöld alls **12.407.917**

Rekstrarniðurstaða 2019

Tekjur samtals:	12.500.610
Gjöld samtals:	12.407.917

Afkoma **92.693**

Starfsemi á árinu 2019

Segja má að árið 2019 hafi að miklu leyti verið tileinkað „framtíð Breiðafjarðar“. Eins og áður sagði fór nefndin í upphafi ársins til fundar við sérfræðinga til að fræðast um hvaða leiðir kæmu mögulega til greina varðandi vernd Breiðafjarðar til framtíðar. Árið 2019 sá Breiðafjarðarnefnd auk þess um að vinna drög að endurbættum lögum um vernd Breiðafjarðar, að ósk umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Í lok árs 2019 stóð Breiðafjarðarnefnd fyrir málþingi um framtíð Breiðafjarðar.

Hér að neðan er gerð stutt grein fyrir þessum verkefnum auk annarra verkefna sem komu inn á borð nefndarinnar árið 2019.

Dagleg starfsemi

Umsögn um erindi

Á árinu 2019 fjallaði Breiðafjarðarnefnd, sem fyrr, um erindi sem nefndinni bárust. Flest voru erindi vegna skipulagsmála og umsagnir um frumvörp og reglugerðir. Varðandi afgreiðslu innsendra erinda er vísað í fundargerðir á heimasíðu nefndarinnar.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is. Þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun og framkvæmdaáætlun auk annarra skýrsla sem nefndin hefur styrkt og sem tengjast náttúru og menningu Breiðafjarðar. Árið 2019 var nýrri undirsíða bætt við heimasíðuna þar sem hægt er að nálgast allar upplýsingar varðandi vinnu nefndarinnar um framtíðar Breiðafjarðar.

Bæklingar Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hefur gefið út bæklingana „Breiðafjörður - Náttúra og saga“, „Fuglalíf á Breiðafirði“ og „Hlunnindanýting á Breiðafirði“ á bæði íslensku og ensku. Bæklingunum er m.a. dreift án endurgjalds af ferðaþjónustuaðilum við Breiðafjörð auk þess sem þeir eru aðgengilegir á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Öryggis- og umgengnibæklingur

Árið 2019 vann Náttúrustofa Vesturlands að gerð texta fyrir öryggis- og umgengnibæklinga fyrir Breiðafjörð í samvinnu við Breiðafjarðarnefnd. Um er að ræða upplýsingabækling fyrir ferðamenn og aðra sem um verndarsvæðið fara. Bæklingurinn verður í sama broti og fyrri bæklingar sem gefnir hafa verið út af Breiðafjarðarnefnd. Í lok árs 2019 var textanum skilað til Anok margmiðlunar ehf. sem mun sjá um uppsetningu bæklingins. Áætlað er að hann verði sendur í prentun í byrjun árs 2020.

Vettvangsferð

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar var farin þann 17. júlí 2019. Að þessu sinni var siglt inn með Skógarströnd og um mynni Hvammsfjarðar og var Bergur Hjaltalín fenginn til þess að leiða nefndina um svæðið. Farið var í land í Rifgirðingum þar sem Jón Jakobsson og sonur tóku á móti nefndinni. Fór 171. fundur Breiðafjarðarnefnd fram í stofunni í Rifgirðingum. Eiga þeir feðgar

bestu þakkir fyrir höfðinglegar móttökur. Á heimleiðinni var komið við í Fremri Langey. Breiðafjarðarnefnd þakkar Bergi Hjaltalín kærlega fyrir sérstaklega fróðlega og skemmtilega leiðsögn um merkilegt svæði.

Áherslumál

Framtíð Breiðafjarðar

Innan nefndarinnar hefur lengi verið rætt um að kominn sé tími á endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar enda eru lögin orðin nær 25 ára gömul og aldrei tekið efnislegum breytingum síðan þau voru sett. Skerpa þurfi á lögum til þess að þau geti þjónað betur markmiðum sínum. Þau þurfi að gera haldbærari, skýrari og áhrifameiri. Auk þessara lagabreytinga hefur reglulega verið ræddur sá möguleiki að skrá verndarsvæði Breiðafjarðar á lista yfir Ramsarsvæði en Ramsarsamningurinn er alþjóðlegur samningur um verndun votlendis.

Vorið 2016 sendi Breiðafjarðarnefnd sveitarfélögum við fjörðinn erindi þar sem óskað var eftir viðbrögðum þeirra varðandi hugmyndir nefndarinnar um að leggja það til við umhverfis- og auðlindaráðherra að skrá svæðið á lista yfir Ramsarsvæði. Svar barst frá fjórum sveitarfélögum sem almennt tóku jákvætt í erindið svo fremi sem það hefði ekki áhrif á framkvæmdir eða nýtingu á svæðinu. Sveitarfélögin óskuðu eftir því að fá frekari upplýsingar um það hver áhrif skráningar yrðu.

Þegar ný nefnd tók til starfa árið 2017 setti nefndin sér ákveðna framtíðarsýn með það að markmiði að uppfylla stefnu verndaráætlunarinnar. Eitt þeirra verkefna sem nefndin einsetti sér að vinna að var að skoða kosti og galla skráningar svæðisins á lista yfir Ramsarsvæði. Í ljósi viðbragða sveitarfélaga við erindinu sem sent var árið 2016 ákvað nefndin að kynna þyrfti Ramsarsamninginn og hvað hann felur í sér enn frekar fyrir sveitarfélögum við fjörðinn og leita eftir viðbrögðum þeirra áður en nefndin aðhefðist eitthvað frekar. Þess vegna var ákveðið að halda opna fræðslu- og umræðufundi vegna Ramsarsamningsins.

Árið 2019 átti sér stað umræða innan nefndarinnar um að leggja þyrfti áherslu á endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar, enda eitt af þeim verkefnum sem talin voru upp í verndaráætlun. Á sama tíma vann umhverfis- og auðlindaráðuneytið að undirbúningi að stofnun Þjóðgarðastofnunar. Nefndinni þótti því eðlilegt að einskorða umræðuna ekki við Ramsarsvæði, heldur nýta tækifærið og skoða hvaða kostir væru til staðar fyrir framtíð fjarðarins og hvað í þeim fælist.

Þann 28. janúar 2019 hélt nefndin fund með nokkrum sérfræðingum um málefnið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu³. Þar gafst nefndarmönnum tækifæri til þess að fræðast um hvaða leiðir væru mögulegar til þess að varðveita náttúru og menningu Breiðafjarðar og styrkja enn frekar samfélögin umhverfis fjörðinn. Helst var fjallað um eftirfarandi leiðir: a) endurskoðun á lögum um vernd Breiðafjarðar, b) tilnefning Breiðafjarðar á Ramsarskrá yfir votlendissvæði, c) tilnefning Breiðafjarðar á heimsminjaskrá UNESCO og d) stofnun þjóðgarðs á Breiðafirði.

Í kjölfar fundarins samþykkti Breiðafjarðarnefnd að mikilvægt væri að kynna málið ítarlega fyrir íbúum, sveitarstjórnunum, atvinnulífi og öðrum hagsmunaaðilum og kalla eftir eins nánu samráði og nefndinni væri unnt. Upphafið að samráðsferlinu var málþing í Tjarnarlundi í Dalabyggð þann 23. október 2019⁴. Þangað var sérstaklega boðið fulltrúum sveitarfélaga en það var þó öllum opið og var aðsókn mjög góð. Í kjölfar

³ <http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2019/03/fundur-168.pdf>

⁴ <http://www.breidafjordur.is/framtid-breidafjardar/malthing/>

málþingsins samþykkti nefndin að standa fyrir opnum íbúafundum í sveitarfélögum við fjörðinn, auk þess að funda sérstaklega með sveitarstjórnnum við fjörðinn. Skyldu þeir fundir fara fram í byrjun árs 2020.

Náttúru- og menningarminjar

Örnefnaskráning

Breiðafjarðarnefnd hefur undanfarin ár veitt fjármagni til örnefnaskráningar á verndarsvæðinu og telur mikilvægt að halda því starfi áfram.

Breiðafjarðarnefnd samþykkti í lok árs 2018 að gera samning við Náttúrufræðistofnun Íslands um örnefnaskráningar á Breiðafirði árið 2019. Verkefnið felst í skráningu örnefna eyja, skerja og flæðiskerja á Breiðafirði. Stór hluti verkefnisins snýr að því að hafa samband við heimamenn og aðra þá sem þekkja til örnefna á Breiðafirði, bæði til að leita uppi örnefni og staðfesta þau. Hluti verkefnisins felst í að staðfesta áður skráð örnefni. Náttúrufræðistofnun Íslands skilaði inn skráningum til Landmælinga Íslands í lok árs 2019. Verkið var að mestu unnið af Þorvaldi Björnssyni starfsmanni Náttúrufræðistofnunar.

Fornminjakort fyrir Flatey

Á árinu 2017 styrkti Breiðafjarðarnefnd Fornminjafélag Barðstrendinga og Dalamanna um 1,5 milljónir vegna gerðar minjakorts fyrir Flatey á Breiðafirði á grundvelli þeirra fornminjaskráninga sem félagið hafði þegar unnið á svæðinu. Í ljós kom að lengri tíma tók að útfæra kortið en félagið áætlaði. Fornminjafélagið fékk til liðs við sig grafíska hönnuði og í lok árs 2019 sá fyrir endann á hönnun kortsins.

Rannsóknir á lífríki fjarðarins

Árið 2018 styrkti Breiðafjarðarnefnd rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum um 1.900.000 kr. til rannsókna á búsvæðanotkun fiskseiða. Markmið verkefnisins var að kanna hvort gróin svæði, t.d. þang, þari og marhálmur, innarlega í Breiðafirði séu mikilvæg búsvæði seiða. Notaðar voru veiðitölur, köfunarsnið, greiningar á magainnihaldi og stöðugum efnasamsætum til að meta notkun algengra tegunda seiða, t.d. þorsks og ufsa, á mismunandi botngerðum á innanverðum Breiðafirði. Áhersla var lögð á að meta mikilvægi þara, þangs og marhálms. Skýrslu um verkefnið skyldi skila í febrúar 2019 en ákveðið var að safna frekari gögnum sumarið 2019 og var skilafrestur á niðurstöðum því framlengdur.

Breiðafjarðarnefnd styrkti Vör sjávarrannsóknasetur um 300.000 krónur vegna rannsókna á vistfræði strandsvæða í Breiðafirði. Markmið rannsóknarinnar var að kanna mikilvægi mismunandi búsvæða fyrir fisktegundir í Breiðafirði og meta hvort búsvæðagerð hafi áhrif á fjölbreytileika, þéttleika og aldursdreifingu þeirra. Verkefninu lauk í lok árs 2019 og áætlaði nefndin að fá kynningu á niðurstöðum frá forsvarsmönnum Varar í byrjun árs 2020.

Gerð fræðsluefnis um fjörur verndarsvæðis Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd samþykkti að starfa með Svæðisgarði Snæfellinga við að útbúa kennsluefni um fjörur sem nýst getur skólum við Breiðafjörð. Verkefnið verður unnið í samstarfi við Sjávarrannsóknasetrið Vör og verður byggt á fjöruvísí sem Vör hefur tekið saman. Verkefnið felst í því að útbúa hnitmiðað kennsluefni upp úr fjöruvísínum og mun nýtast skólum við Breiðafjörð sem og ferðaþjónustuaðilum og öðrum íbúum og aðilum úr atvinnulífi við Breiðafjörð. Verkefnið var langt komið í lok árs 2019 og áætlað var að forsvarsmenn Varar kynntu það á fundi nefndarinnar í byrjun árs 2020.

Landvarsla við Breiðafjörð

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið úthlutaði fjármagni til landvörslu við Breiðafjörð fyrir árið 2019. Umhverfisstofnun annaðist utanumhald en Umhverfisstofnun og Breiðafjarðarnefnd unnu saman að undirbúningi verkefnisins í samræmi við áherslur nefndarinnar. Fjármagnið nýttist til tíu vikna landvörslu og starfaði landvörður á svæðinu á tímabilinu september-desember 2019.

Landverði var falið að kanna verndarsvæði Breiðafjarðar með tilliti til álags af gestakomum og í því fólst meðal annars að ástandsmeta valda áningar- og áfangastaði innan verndarsvæðisins og í nágrenni þess. Samhliða þeirri vinnu skoðaði landvörður fjörur innan svæðisins með það að markmiði að kanna hvar ferðamenn sækja að strandlengjunni, hvar gönguleiðir liggja um strandlengjuna og hvort einhver landnýting fari fram í fjörum og hvar hlunnindi eru nýtt.

Svæðin sem voru ástandsmetin eru eftirfarandi:

- Flatey – innan og utan friðlands.
- Súgandisey við Stykkishólm.
- Kirkjufell.
- Kirkjufellsfoss.
- Fuglaskoðunarmöguleikar í fjöru við Búðardal.
- Áningarsvæði við Klofning.

Umhverfisstofnun gaf út lokaskýrslu með niðurstöðum landvarðar⁵. Í skýrslunni er meðal annars að finna góðar tillögur að úrbótum á einstaka svæðum og útfærslu landvörslu fyrir svæðið. Ein af meginniðurstöðum voru þær að mikilvægt sé að festa í sessi og efla landvörslu á verndarsvæði Breiðafjarðar, sér í lagi yfir sumartímann. Í ljósi þess hvetur Breiðafjarðarnefnd umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun til þess að halda þessu góða starfi áfram og tryggja fjármagn til landvörslu á verndarsvæði Breiðafjarðar til framtíðar.

Óski ráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2018 verða þær að sjálfsögðu veittar.

f.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir, formaður

⁵ <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Landvarsla%20vi%c3%b0%20Brei%c3%b0afj%c3%b6r%c3%b0%202019.pdf>